



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 138/2416

komudagur 18.5.2010

Selfossi, 18. maí 2010

0811001SA PH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 - 2013, 521. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 14. maí sl., var tekið fyrir erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013, 521. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS telur ekki rétt að afgreiða byggðaáætlun nú þar sem boðað hefur verið að lagðar verði fram tillögur um samþætta sóknaráætlun fyrir hvern landshluta nú í haust auk sameiginlegrar áætlunar fyrir landið allt. Samþykkt tillögunnar nú hefur því ekkert gildi og byggðaáætlun í núverandi mynd óþörf þar sem sóknaráætlun er ætlað að leysa hana af hólmi. Stjórnin vekur athygli á því að landshlutasamtaka sveitarfélaga er varla getið í tillögunni en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð og framkvæmd sóknaráætlanna. Stjórn SASS leggur til að hlutverk Byggðastofnunar verði endurskoðað og hluti þess fjármagns sem hún hefur yfir að ráða og þess starfs sem hún hefur með höndum verði færður út í landshlutana og þar með.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri